

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 4. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

8. gr.

Pegar sjúkrahúsapótek, sem skv. reglugerð nr. 172/1991 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa hafa leyfi til lyfjasölu, afgreiða til sjúkratryggðra lyf, sem eru með afgreiðslumerkingu „S“ í lyfjaskrá og lyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 og eingöngu eru notuð á sjúkrahúsum, tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í greiðslu lyfjakostnaðar skv. eftirfarandi:

Lyf í ATC-flokkum B, G, H, L, M og V skal greiða skv. 2. gr.

Lyf í ATC-flokkum A, C, J og N skal greiða skv. 6. gr., nema stungu- og innrennslislyf en þau skal greiða skv. 2. gr.

9. gr.

Lyfjanefnd, sbr. 27. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, gerir tillögur um greiðslutilhögun sérlyfja til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum öðlast gildi 18. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 300/1991 með sama heiti ásamt áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Húsavíkurkaupstað 1993.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 21. nóvember 1991, skal vera kr. 7 000,00 á árinu 1993.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, eindagi er 1. júlí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6 000,00 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9 500, fyrir árið 1993. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1992.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar, skal vera kr. 4 000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1992:

ÁRNESÝSLU:

Hagi II, nýbýli, úr landi Haga, Gnúpverjahreppi.

SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLU:

Hella, þjónustubýli, úr landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi.